

Odda, Rangárvöllum 28. janúar 2014

Atvinnuvegnanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
nefnasvið@althingi.is

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu skógræktar sem atvinnuvegar, 211. mál.

Hekluslógar fagnar ályktun Alþingis að skora á ríkisstjórnina að efla skógrækt á Íslandi sem arðsaman atvinnuveg. Skrifaðar hafa verið ítarlegar og stefnumótandi skýrslur um eflingu skógræktar á má t.d. nefna Skógar á Íslandi: Stefna á 21. öld sem nota mætti til hliðsjónar.

- Ennfremur er tekið undir að brýn þörf er á að efla hagnýtar rannsóknir og þróunarstarf í skógrækt með áherslu á framleiðslu viðarafurða, framleiðni og arðsama skógrækt. Má í því sambandi benda á að Rannsóknarstöð Skógræktar er á Mógilsá gæti sinnt því hlutverki.
- Telur undirritaður að margskonar hagræði geti falist í því að færa Skógrækt ríkisins, Landgræðslu ríkisins og landshlutaverkefni í skógrækt í eina stjórnarsýslueiningu. Má þar nefna að setja mætti upp sameiginlegar starfsstöðvar í hverjum landshluta, samþætta umsýslu landgræðslu og skógræktarsvæða og samnýta starfsfólk til þeirra fjölbreyttu oft árstíða bundnu verkefna sem stofnanirnar sinna.
- Tekið er undir nauðsyn þess að endurskoða lagaumhverfi skógræktar og landgræðslu enda er löngu orðin þörf á að endurskoða áratugagömul lög um Skógrækt og Landgræðslu. Það gæti þó aukið á flækjustig sameiningar ef ein lög yrðu set yfir allan málaflokkinn. Má í því sambandi benda á að stofnanir geta starfað eftir fleiri en einum lögum sbr. Veðurstofu Íslands eða Umhverfisstofnun sem starfa samkvæmt nokkrum lagabálkum hvor stofnun.
- Hvað varðar mótun á starfsumhverfi með rammaáætlun til þriggja ára til eflingar skógrækt með þátttöku bænda, annarra landeigenda og sérstakra skógræktarsjóða, mætti sú rammaáætlun ná til lengri tíma sökum þess hversu langur fyrirvari þarf að vera á samningum vegna ræktunar skógarplantna, áætlanagerð á landsvæðum sem taka á til skógræktar eða landgræðslu.

Einn þáttur skógræktar sem ekki er nefndur sérstaklega í tillögunni en mætti bæta við sem einum áherslu punkti í eflingu skógarauðlindarinnar, er endurheimt birkiskóga. Þó birkiskógar skapi ekki miklar viðarafurðir aðrar en arinvið og vöxtur birkitrjáa standi innfluttum trjátegnum langt að baki, skapar útbreiðsla birkiskóga **auðlind til framtíðar**. Fjallað hefur verið um endurheimt og verndun birkiskóga í tveimur nýlegum skýrslum, [Vernd og endurheimt birkiskóga](#) og [Hvítbjörk, tillögur að leiðum til endurreisnar birkiskóga á Íslandi](#). Helstu ástæður þess að endurheimta birkiskóga má nefna jarðvegsvernd, vörn við náttúruvá sér í lagi öskufoki í kjölfar eldgosa og skriðuföllum, búsvæði ýmissa lífvera s.s. rjúpunnar, útivistargildi og skjól fyrir ýmsa ræktun. Aðrar nýtjar en timbur skapa nú þegar tekjur í birkiskógum og má nefna birkiboli til handverks / útskurðar minjagripa, sveppi og ber, birkisafa eða ekstrakt af birki sem nú þegar er notaður í ýmsan iðnað s.s. lyfjagerð, smyrsl til ýmiskonar lækninga, heilsudrykki og jafnvel [snafsaframleiðslu til útflutnings](#). Skapar þessi iðnaður í dag nokkurn fjölda starfa og er vaxandi.

Virðingarfyllt
Hreinn Óskarsson
Verkefnisstjóri Hekluslóga